

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar hefur, í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd borgarinnar:

Eftirfarandi götur verði göngugötur í samræmi við 10. gr. umferðarlaga nr. 77/2019:

1. Austurstræti, óslitin milli Lækjargötu að Veltusundi.
2. Veltusund.
3. Vallarstræti, óslitin milli Pósthússtrætis að Aðalstræti.
4. Undanþegin banni við akstri á umræddum göngugötum verði vöruafhending milli kl. 7-11 virka daga og 8-11 laugardaga, sunnudaga og aðra helgidaga.
5. Heimilt verði að aka yfir göngugötu Austurstrætis á Pósthússtræti.
6. Fyrir þau sem undanþegin eru banni við akstri á göngugötum gildi:
 - a. að tvístefna verði á Vallarstræti milli Veltusunds og Aðalstrætis
 - b. að tvístefna verði á Veltusundi milli Vallarstrætis og Austurstrætis
 - c. aðrar akstursstefnur verði óbreyttar.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum, í samræmi við reglugerð nr. 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Reykjavík, 28. júlí 2025.

Skrifstofa stjórnsýslu og gæða, umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur,
Björg Ósk Gunnarsdóttir lögfræðingur.

B deild - Útgáfudagur: 12. ágúst 2025